

78. stjórnarfundur Þekkingarsetursins Nýheima 18. janúar 2017

Fundur settur kl. 08.15.

Fundarstjóri: Þorvarður Árnason

Ritari: Ragnhildur Jónsdóttir

Mættir eru: Davíð Arnar Stefánsson, Þorvarður Árnason, Eyjólfur Guðmundsson, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir og Olga Ingólfssdóttir.

Hrafnkell Guðnason og Katrín Jónsdóttir funda í gegnum Skype. Helga Árnadóttir kom á fundinn kl. 9.

Fundargerð

Í upphafi fundar kom fram að stjórn hefur ákveðið að ráða Hugrónu Hörpu Reynisdóttur sem næsta forstöðumann Þekkingarsetursins Nýheima.

1. Samþykkt fundargerða. Kristín las upp fundargerðir af fundum 75., 76. og 77. voru þær samþykktar hver fyrir sig.
2. Fyrirkomulag Stjórnarfundar
Kristín fór yfir áður samþykkt fundarplan og starfsreglur sem samþykktar voru á stjórnarfundum 19. febrúar 2014. Hún gagnrýndi að verið sé að fresta fundum og færa til. Hún gagnrýndi einnig þá hugmynd að halda aðalfundinn á Djúpavogi og rifjaði upp að í fyrra voru umræður um að ársfundur stjórnar Nýheima ætti að vera á Höfn þar sem Nýheimar eru staðsettir og auglýstur opinn fyrir alla. Umræður urðu um málið. Þorvarður lagði til að Kristín, Eyjólfur, Davíð og Hugrún Harpa skipi nefnd til að setja saman tillögur að nýjum starfsreglum fundar. Tillagan var samþykkt.
3. Ráðning verkefnastjóra.
Eyjólfur lagði til að auglýst verði sem fyrst eftir nýjum verkefnastjóra í stað Hugúnar Hörpu. Umræður urðu um að endurskoða verklag, fyrirsjáanleg verkefni og þörf fyrir verkefnastjóra þekkingarsetursins. Ákveðið að auglýsa eftir verkefnastjóra í næstu viku. Davíð og Hugrún semja drög að auglýsingu og senda til stjórnar.
4. Fyrirkomulag rekstrar Nýheima
Eyjólfur kynnti hugmynd sem hann hefur orðað við bæjarstjóra og nokkra aðra um að þekkingarsetrið Nýheimar taki að sér að sjá um rekstur hússins. Þetta þýðir að húsvarla, veitingasala, móttaka og fleiri þættir verði á einni hendi, það muni einfalda allt utanumhald og daglegan rekstur. Hann ræddi einnig aðkomu Vöruhúss að stjórn, um stofnun matarsmiðju og stofnun framhaldsfræðslu Suðausturlands í



framtíðinni. Fundarmenn tóku vel í að vinna áfram með þessar hugmyndir og ákveðið að stefna að því taka málið upp á næsta fundi.

5. Fyrirkomulag ársfundar 2017.

Umræður urðu um ársfundinn, staðsetningu og fyrirkomulag. Rætt var um leiðir til þess að auka þátttöku stjórnarsýslunnar og íbúa í ársfundinum t.d. með því að bjóða upp á spennandi fyrirlestur um áhugavert efni í tengslum við fundinn. Ákveðið að halda ársfund á áður ákveðnum degi 17. febrúar og að Davíð og Hugrún leggi fram áætlun um ársfundinn og vinnufund.

6. Önnur mál

- a) Eyjólfur upplýsti að samningurinn við Menntamálaráðuneytið um rekstur Þekkingarsetursins sé útrunninn og að hann verði framlengdur óbreyttur um eitt ár. Þann tíma þarf að nota til að vinna að nýjum samningi.
- b) Davíð, fráfarandi forstöðumaður Þekkingarsetursins þakkaði fyrir samstarfið þessi tvö ár sem hann hefur starfað sem forstöðumaður, en hann hverfur brátt til starfa hjá Landgræðslu ríkisins.
- c) Eyjólfur sagði frá því að FAS sé að kaupa myndavél til nota fyrir fjárfundi sem Þekkingarsetrið gæti haft afnot af.

Fundi slitið kl. 9:45

Ragnhildur Jónsd
